

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 11. nóvember 2022
Kl. 09-11 á Teams og í Grímsstofu UTN

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka – Rauði krossinn á Íslandi, Birna Þórarinsdóttir, fulltrúi félagasamtaka – Unicef á Íslandi, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Jakob Frímann Magnússon, Flokki fólksins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka - ABC barnahjálpi, Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka – SOS barnaþorpum, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka - UN Women á Íslandi, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þór Heiðar Ásgeirsson, fulltrúi háskólasamfélagsins – GRÓ-FTP og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni.

Bergþór Ólason, Miðflokki, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka – Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins – Alþýðusamband Íslands, Halldór Benjamín Þorbergsson, fulltrúi atvinnulífsins – Samtök atvinnulífsins, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins – GRÓ-LRT og Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki boðuðu forföll.

Fulltrúi utanríkisráðuneytisins: Elín Rósa Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu.

Hluta fundarins sátu að auki: Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, Stefán Jón Hafstein, sendifulltrúi á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Steingrímur Sigurgeirsson, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (kl. 09:02)

Formaður bauð fundargesti velkomna, fór yfir dagskrá fundarins og opnaði fundinn. Fundargerð frá síðasta fundi sem haldinn var þann 21. október s.l. var samþykkt án athugasemda. Líkt og kom fram í síðustu fundargerð láðist að senda út fundargerð frá fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 30. maí 2022. Einn nefndarfulltrúi hafði athugasemd varðandi þá fundargerð. Nefndi hann að ekki hafi verið formlega óskað eftir aðkomu nefndarinnar vegna vals á nýju samstarfslandi þegar ákveðið hafi verið að hefja tvíhliða þróunarsamvinnu í Síerra Leóne eins og kom fram í þeirri fundargerð. Er sú athugasemd hér með færð til bókar.

2. Efling hagvaxtar gegnum samvinnu við fyrirtæki (09:07-09:53)

Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Heimstorgsins hjá Íslandsstofu, kom og kynnti Heimstorgið með sérstakri áherslu á sjóð sem ætlaður er til að veita styrkjum til fyrirtækja vegna verkefna í þróunarlöndum. Heimstorg Íslandsstofu er upplýsinga- og samskiptagátt sem ætluð er íslenskum fyrirtækjum sem vilja leita viðskiptatækifæra í

þróunarlöndunum og víðar. Heimstorgið á grunn sinn í þjónustusamningi Íslandsstofu við utanríkisráðuneytið. Íslandsstofa sér alfarið um rekstur Heimstorgsins og er það hugsað til þess að tengja stjórnvöld og atvinnulífið betur saman. Markmið Heimstorgsins er m.a. að hvetja íslensk fyrirtæki til þess að fara í starfsemi í þróunarlöndum og víðar og deila þannig íslenskri virðisaukandi þekkingu. Í gegnum Heimstorgið geta fyrirtæki fengið leiðbeiningar og stuðning, svo sem við framkvæmd og markaðssetningu verkefna. Auk þess búa starfsmenn Íslandsstofu yfir góðri þekkingu á ýmsum erlendum sjóðum sem hægt er að sækja um styrki í og geta aðstoðað fyrirtæki við að komast í samband við þá.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins er hýstur hjá utanríkisráðuneytinu. Í þann sjóð er hægt að sækja um styrki vegna verkefna sem unnin eru í löndum sem eru skráð sem viðtökulönd opinberrar þróunaraðstoðar hjá þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC). Verkefnin þurfa að styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og sálfbæra þróun. Gunnhildur sagði frá nokkrum verkefnum sem fengið hafa styrki úr sjóðnum. Sagði hún m.a. frá verkefni sem 66°Norður í samstarfi við UN Women fengu styrk fyrir nýlega en verkefninu er ætlað að styrkja efnahagslega valdeflingu flóttakvanna í Tyrklandi.

Spurt var um hvort að spilling og mútur væri sett inn í áhættumat verkefna. Gunnhildur sagði svo vera og að lögð væri áhersla á að fyrirtækin sýndu gott fordæmi í þessum málum. Einn fulltrúi vakti athygli á því að íslenskum fyrirtækjum bæri að fylgja íslenskum lögum þó svo að þau væru að vinna að verkefnum í öðrum löndum. Formaður benti þá á að um tíma hafi Norðmenn beitt sér sérstaklega gegn spillingu og mútum og væri þetta e.t.v. eitthvað sem ætti að hafa í huga við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Þá benti annar fulltrúi á mikilvægi þess að fyrirtækin hefðu góð sambönd á vettvangi, t.d. við frjáls félagasamtök. Þannig væri oft hægt að koma í veg fyrir slík mál.

3. Tímalína vegna stefnu um þróunarsamvinnu og aðkoma þróunarsamvinnunefndar (09:53-10:11)

Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins sagði frá gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu en núverandi stefna er í gildi til ársins 2023. Vinna við gerð nýrrar stefnu er hafin og stefnt er að því að drög að stefnunni verði tilbúin í júní á næsta ári. Því næst fari hún í samráðsgátt og í kjölfarið verði hún lögð fyrir á haustþingi 2023. Lagt er upp með að stefnan verði í gildi til ársins 2030 í takt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Lagt verður upp með að stefnan sé einföld og skýr í framsetningu með ítarlegri og tæknilegri greinargerð ásamt aðgerðaáætlun. Ný þróunarsamvinnustefna á að vera aðgengileg fyrir allt samfélagið, ekki einungis þau sem vinna að málaflokknum. Þá vill ráðuneytið fá yngri kynslóðir með í stefnumótunina en mikilvægt er að þeirra sjónarmið séu höfð til hliðsjónar við gerð stefnunnar.

Ekki er búið að ákveða nákvæmlega með hvaða hætti samráð um þróunarsamvinnustefnuna skuli vera en það mun verða samráð innanhús í ráðuneytinu auk þess verður samráð við samstarfsvettvanginn Sjálfbært Ísland. Mögulega yrði samráð við almenning og þá sem koma að málaflokknum með einhverjum hætti. Ákveða þarf hver aðkoma þróunarsamvinnunefndar verður við gerð nýrrar stefnu en nefndin þyrfti að koma fyrir að borði en við gerð nógildandi stefnu.

Einn fulltrúi hvatti ráðuneytið til að stefna hátt og setja sér stór markmið við gerð nýrrar stefnu. Mikilvægt væri að Ísland myndi styðja við markmið Sameinuðu þjóðanna og veita 0,7% af vergum þjóðartekjum í þróunarsamvinnu.

Að loknum umræðum um gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu minntist formaður þess að á þeim tímapunkti væru 104 ár frá því að fyrri heimstyrjöldinni lauk en henni lauk á ellefta tímanum þann 11. nóvember árið 1918.

4. Áhrif Úkraínustríðsins á fátæk lönd (10:12)

Stefán Jón Hafstein, sendifulltrúi frá þróunarsamvinnuskrifstofu, kom og sagði frá matvælakreppunni og setti hana í samhengi við Úkraínustríðið. Sagði hann að matvælakreppan hafi verið byrjuð löngu áður en Rússar réðust inn í Úkraínu en stríðið hafi vissulega magnað hana. Aðrir þættir hafi haft áhrif á matvælakreppuna en þar sé t.d. hægt að nefna veðuráföll, COVID-19 faraldurinn auk annarra stríða og átaka víða í heiminum. Fjárförf Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) er hærri en hún hefur nokkurn tíma verið og hefur fjárförfin nánast þrefaldast frá árinu 2018. Stríðið í Úkraínu hafi sett flestar áætlanir, áform og áherslur í þróunarsamvinnu úr skorðum.

Ástandið í heiminum almennt sé slæmt en þá sérstaklega í Afríku en talið er að af þeim 170 hagkerfum sem kreppan ógnar séu 41 í Afríku. Í þeim ríkjum eru um 126 milljónir manna vannærðir og um 440 milljónir manna búa við fátæktarmörk. Helmingur þessara ríkja horfist í augu við þrjá þætti fjölbáttaógnar; minna fæðuframboð, fjármálakreppu og hækkandi orkuverð. Loftslagsáföll og náttúruhamfarir hafi auk þess haft mikil áhrif á matvælakreppuna. Fimmta árið í röð var uppskerubrestur á Horni Afríku en þar er versti þurrkur sem hefur verið á þessum heimshluta í 40 ár. Þar eru nú 30-40 milljónir manna á barmi hungursneyðar.

Sagði hann að ástandið í dag væri ósigur á alla lund og ómögulegt væri að ná Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030. Þá væru litlar sem engar líkur á því að hægt verði að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður eins og gert var ráð fyrir í Parísarsáttmálanum. Ekkert bendi til þess að ástandið í heiminum batni mikið á næstu árum. Nú þrengi að ríkari löndum sem hafa að mörgu leyti náð sínum þolmörkum og muni þau líklegast láta fátækari ríki sjá um sig sjálf að miklu leyti. Þetta hefði t.d. sést í bóluefnahamstri ríku landanna í COVID-19 faraldrinum.

Spurt var um langtímaáhrif vannæringu á börn. Um 70 milljónir barna í dag fá ekki skólamáltíð og fá þ.a.l. ekki neina góða máltíð á hverjum degi. Þau börn sem lifa við vannæringu eru ekki einungis vaxtaskert heldur líka vitsmunaskert. Sá skaði sem hlýst af vannæringu er óafturkræfur og er ekki hægt að lækna.

Steingrímur Sigurgeirsson, sérfræðingur um málefni Alþjóðabankans á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fór yfir áhrif stríðsins á þróunarlönd. Sagði hann að ástandið í heiminum í dag væri að mörgu leyti fordæmalaust. Úkraínustríðið hafi byrjað þegar heimurinn hafi þá þegar verið laskaður í kjölfar COVID-19 faraldursins auk loftslagskreppunnar. Þetta hafi magnað hvert annað upp.

Langtímaspár Alþjóðabankans væru mjög svartsýnar, verðbólgan væri á beinni leið upp og fátt benti til þess að vextir myndu lækka mikið næstu misserin. Þá væru mörg ríki enn að takast á við afleiðingar COVID-19 faraldursins. Þjóðarframleiðsla þróunarríkja hefði dregist saman bæði vegna faraldursins og svo vegna stríðsins í Úkraínu.

Nefndi hann að Úkraínustríðið hefði haft áhrif á þróunaraðstoð en mikið fjármagn hafi farið í mannúðaraðstoð í kjölfar stríðsins sem annars hefði farið í þróunaraðstoð. Þá væru verðbólgan og vaxtahækkunir einnig að hafa áhrif á kaupgetu þróunaraðstoðar. Nefndi hann einnig að einhver ríki sem áður fyrr hafi þurft á aðstoð Alþjóðaframfarastofnunar Alþjóðabankans (IDA) að halda þurfi nú á aðstoð hennar að halda aftur. Þar er t.d. hægt að nefna Sri Lanka sem hætti að fá aðstoð frá Alþjóðaframfarastofnuninni árið 2017 en hefur nú óskað eftir aðstoð hennar aftur. Uppi eru áhyggjur af því að fleiri ríki þurfi að fara sömu leið og Sri Lanka.

Alþjóðabankinn er að skoða sínar áherslur til að geta tekist á við breytta heimsmynd. Skoða þarf hlutina í stærra samhengi en áður og leysa þarf flókin hnattræn vandamál og krísur.

Fulltrúar þökkðu fyrir góða yfirferð. Ræddu fulltrúar um mikilvægi þess að Ísland myndi setja sér metnaðarfull markmið við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Vakti nefndarfulltrúi athygli á mikilvægi þess að friðar- og öryggismál væru skoðuð og rædd í samhengi við tækifæri til menntunar. Virði menntunar þyrfti að skoða í stærra samhengi þar sem nú væru dæmi um að öfgahópar reyndu að ná til ungs fólks sem byggja við fátækt og hefði fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis. Benti nefndarfulltrúinn á að þetta þyrfti að hafa til hliðsjónar við gerð nýrrar þróunarsamvinnustefnu. Þá benti annar nefndarfulltrúi á mikilvægi smábátaveiða fyrir margar þjóðir og afrifaríkar afleiðingar sem hækkun á sjávarhita geti haft fyrir þær þjóðir.

5. Önnur mál

Að lokum ræddi formaður um næsta fund nefndarinnar sem halda á í desember. Vegna dagskrár þingsins væri hentugast ef að fundurinn væri annað hvort haldinn þann 23. eða 30. desember. Sammælt var um að næsti fundur yrði haldinn 30. desember.

Fundi lokið kl. 11:03.